

1863.

7. maím.

alþingis 19. ágústm. 1861 (sjá alp. tíð. 1861, 1806. — 1814. bls.) er meðal annars beðið um, að amtmanninum í suðurumdæminu í sameining með hinum amtmönnunum verði gjört að skyldu að halda öruggan vörð á því, að engar fjársamgöngur eigi sér stað millum grunaðra og heilbrigðra héraða, meðan kláðasýkinni ekki er með öllu útrýmt. Fyrir því skorar dómsmálastjórnin á yður, herra (tit.), að þér eptir samkomulagi við hina tvo amtmennina á Íslandi svo fljótt, sem verða má, gjörði þær ráðstafanir, sem þörf er á til þess, að skipaður verði trygglegur vörður í þeim tilgangi, sem hér er um rætt.

7. maím.

34. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um jarðarafgjöld af nýbýlinu Brattagerði.

Stjórnardeild sú, sem falin er rannsóku reikninga í konungsríkinu, hefir skotið til úrskurðar dómsmálastjórnarinnar útásetning nokkurri, sem gjörð hefir verið í 9. athugasgrein við umboðsreikning Skriðuklausturs fyrir tímabilið frá 1. aprílm. 1857 til 31. marzm. 1859 út af því, að jarðarafgjöldin af nýbýlinu Brattagerði, sem stofnað var 1836 og heyrir undir klausturjarðir þessar, hefir ekki runnið inn í ríkissjóðinn fyrri en árið 1856 eður 1857, þá er hlutaðeigandi umboðsmaður byggði öðrum nýbýlið eptir að liðin voru þau 20 ár, sem tilskipun 15. aprílm. 1776, 10. gr. veitir nýbyggjara og ekkju hans eptir hans dag fría ábúð á slíku nýbýli sem því, sem hér er um rætt; og hafði þó ekkja nýbyggjarans þegar árið 1849 eður 1850 hætt að búa á nýbýlinu, og hefðu afgangjöldin af því þáðanaf eptir álit stjórnardeildarinnar átt að renna inn í ríkissjóðinn.

Um þetta efni skal yður, herra amtmaður, hérmeð kunngjört, sjálfum yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það Birni umboðsmanni Skúlasyni, að jafnvel þó dómsmálastjórnin fallist á álit rannsóknar-deildarinnar um, að jarðarafgjöldin af nýbýlinu hefðu átt að renna inn í ríkissjóðinn upp frá því, að ekkjan fór burt þaðan, þá má þó eptir því, sem hér er ástatt,

við svo búið standa; en þér eruð beðnir að votta umboðsmanninum óánægju stjórnarráðsins yfir því, að hann eptir skýrslum þeim, er það hefir fengið, ekki hefir sæð um hag ríkissjóðsins í þessu efni, svo sem vera bar.

1863.
7. maím.

35. Tilskipun, um lausamenn og húsmenn á Íslandi.

26. maím.

Vér Friðrik hinn Sjöundi, og s. frv., gjörum kunnugt: Eptir að Vér höfum meðtekið þegulegt álitsskjal Vars trúa alþingis um frumvarp, er fyrir það hefir verið lagt, til tilskipunar um lausamenn og húsmenn á Íslandi, bjóðum Vér og skipum fyrir á þessa leið:

I. Um lausamenn.

1. gr. Þeir menn eru eigi skyldir að vera í vist, er hafa 5 hundruð á landsvísu eður meira í árságóða af fasteignum eður öðru fè.

2. gr. Hverjum þeim manni, sem er 25 ára að aldri, er heimilt að leysa sig undan vistarskyldunni með því að fá sèr leyfisbréf hjá lögreglustjóranum.

Fyrir leyfisbréfið borgar karlmaður eitt hundruð en kona hálft hundruð á landsvísu, og skal gjald þetta greitt í peningum eptir verðlagsskrár aðalmeðalverði.

Leyfisbréf skal taka hvort heldur maður vill vera laus að nokkru eður að öllu.

3. gr. Heimilt skal mönnum þeim, er nú skal greina, að taka leyfisbréf þau, sem nefnd eru í 2. gr., þótt ekki sèu þeir fullra 25 ára:

- 1) Ekkjumönnum og ekkjum, og konum, sem menn þeirra hafa yfirgefið eður skilið við að lögum, annaðhvort algjörlega eða að borði og sæng.
- 2) Mönnum sem hafa eitt hundruð á landsvísu í ársað af fasteignum eður öðru fè. Ef afgjaldið eða leigan er greitt í peningum, skal telja það til álna eptir aðalmeðalverði í verðlagsskrá.